

Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 11. janúar 2019
UST201901-045/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulag Rangárþing eystra - Vesturskák

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing eystra er barst 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu á svæðinu Vesturskák í Rangárþingi eystra.


Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að spildan Vesturskák, sem upprunalega er úr landinu Kirkjulækjarkot, verði breytt úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði. Einnig kemur fram að byggja á upp orlofsþorp fyrir fræðslutengda ferðaþjónustu þar sem verður byggt þjónustuhús með mötuneyti, fjögur einnar hæðar gistihús, skóla/þjónustuhús auk viðbyggingu við núverandi íbúðarhús, auk bílastæða og opinna svæða til ýmissa nota. Heildar byggingamagn eru 3.200 m².

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur